

Ed.

247. Lög

um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði.

(Afgreidd frá Ed. 20. febr.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað svo nefnd Hamarkots- og Undirhamarstún í Hafnarfirði, sem eru eign Garðakirkju.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.